



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ FRAM

Sæmundargötu 7 a - 550 Sauðárkrúkur
Sími: 453-5433 - Fax: 453-6033

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1546

komudagur 17/4 1996

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Verkalýðsfélagsins Fram um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni. Svar Vlf. Fram fylgir hér á eftir.

Stjórn Verkalýðsfélagsins FRAM hefur fjallað um um frumvarpið og krefst þess að það verði dregið til baka. Um langt árabil hefur verkalýðshreyfingin krafist þess, að tekin verði upp nútímalegri og lýðræðislegri vinnubrögð við gerð kjarasamninga og önnur samskipti á vinnumarkaði. Til þessa hafa atvinnurekendur hafnað þessu. Hefur það haft í för með sér margvíslega erfiðleika. Á þessu vandamáli er ekki tekið í frumvarpinu. Til umræðu hefur t.d. verið, innan vllhr. að tryggja þurfi betur þann lagalega rétt trúnaðarmanna á vinnustöðum, sem þeir hafa í vinnulöggjöfinni. Á þessu er ekki tekið í frumvarpinu.

Af hálfu atvinnurekenda hefur á undanförunum árum verið vaxandi þungi í þeirri umræðu að skerða þurfi rétt vlfél. á mörgum sviðum. Við lestur á frumvarpinu kemur í ljós, að orðið er við þessum kröfum í mjög mörgum atriðum - en í litlu sem engu orðið við kröfum vllhr. um úrbætur. M.ö.o. Það á að þvinga vllhr. undir lagasetningu sem gengur stórlega á réttindi félaganna - og félagsmanna. Við þetta getur hreyfingin ekki unað. Fram hefur hinsvegar komið, að hún er tilbúin að vinna að eðlilegum samskiptareglum og taka þátt í að þróa hefðir og venjur. Þar er ýmislegt sem betur má fara, en óhjákvæmilegt er að það gerist í heiðarlegum viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins. Reglur á þessu sviði, sem þvingaðar eru fram og settar í fullkominni andstöðu við annan megin aðila þess sem lögin eiga að ná til - en í þeim anda sem hinn óskar - gengur ekki. Þessvegna er þess krafist að frumvarpið verði dregið til baka.

Vinnuhópur sem félagsmálaráðherra setti í gang í október 1994 hafði það hlutverk að kynna sér þróun samskiptareglna á vinnumarkaði í öðrum löndum og kanna hvort breyta þyrfti reglum hér á landi. Í október skilaði þessi hópur áfangaskýrslu, þar sem m.a. kom fram að margar af þeim grundvallarhugmyndum, sem voru til meðferðar, þarfnáðist miklu nánari og víðtækrar umræðu. Einnig að önnur atriði sem tengdust málinu hefðu ekki verið rædd til hlítar. Er svo að skilja að um þetta hafi verið samkomulag í nefndinni. Þrátt fyrir það, var lagt fram frumvarp sem hafði inni að bera mörg þau atriði sem engin sátt var um, eða viðurkennt að þyrftu miklu nánari umræðna við. Er þar margt sem er vanhugsað, illframsýmanlegt eða að því er virðist, beinlínis sett fram til þess að skerða áhrif verkalýðshreyfingarinnar. Er þarna komið að einu aðalatriði þessa máls: Traustar og virkar reglur um samskipti á vinnumarkaði þurfa að vera settar í sátt við verkalýðshreyfinguna. Annars er

þær í besta falli gangnslausar, en verri hlið á þeim er sú - og sem líklegast er að muni koma í ljós - að reglur sem er þvingað í gegn í ósamkomulagi geta orðið þjófélaginu til mikillar óburftar og jafnvel hættulegar.

Vald trúnaðarmannaráða.

Í lögum nr. 80/1938 er í 15. gr. c. lið gefin heimild til að trúnaðarmannaráð hvers verkalýðsfélags hafi heimild til að taka endanlega ákvörðun um vinnustöðvanir, ef lög viðkomandi vífél. fela því slíkt vald. Reyndin mun vera sú, að langflest félög eru með þessa heimild í lögum sínum. Í trúnaðarmannaráð velst að jafnaði það fólk sem hefur mest traust sinna félaga og reynslu. Þetta er yfirleitt hópur félagsmanna sem gerir sér fulla grein fyrir þeirri ábyrgð sem á trmr. hvílir. Þá liggur fyrir, að ekki er tekin til meðferðar verkfallsboðun, nema að undangenginni atkvæðagreiðslu í félaginu um slíkt. Aðgang að fundum félags hafa allir félagsmenn jafnt. Eðli máls er - og fullkomlega lýðræðislegt, að þeir sem á fundinn mæta taki nauðsynlegar ákvarðanir í hverju máli. Er með öllu óeðlilegt og í raun ranghverfa á lýðræðinu, að þeir sem ekki mæta á fund, geti með því komið í veg fyrir að ákvarðanir séu teknar og ályktanir gerðar. Á það jafnt við um verkfallsboðanir sem önnur almenn félagsmál. Er þá eðli málsins, að það sé í valdi hvers félags og tilheyrri innri málum þess, hvort einhverjar sérreglur séu settar um fundasókn eða þáttöku í atkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

Verkfallsvopni veifað.

Það er vel þekkt staðreyndi að oft er gripið til þess, í sambandi við kjaradeilur, stærri eða smærri, að boðun verkfalls er tekin til umræðu innan verkalýðsfélags. Lang oftast er það, að þetta verður umræðan ein, en að til verkfalls komi ekki, þar sem deilan leysist áður. Er það þá oftast en ekki vegna þess þrýstings sem verkfallsumræðan hefur skapað. Með reglum þeim sem settar eru fram um hinar margvíslegu og flóknu atkvæðagreiðslur í sambandi við boðun verkfalla, afgreiðslu á miðlunartillögum o. s.frv. er ljóst að þessi þrýstingur mun hverfa. Þær gefa ekki þann sveigjanleika sem nú er. Þegar mál fara í þann farveg að félög fara að búa sig til að taka ákvarðanir um vinnustöðvanir, þá bendir allt til þess að viðræður muni stöðvast, verkfall skella á og standa lengi. Má í því sambandi benda á reynsluna hjá opinberum starfsmönnum, en þegar kjaradeila þar fer úti verkfall, þá standa þau verkföll lengi og eru harðvítug. Rifja má upp í þessu sambandi nýliðnar deilur kennara og sjúkraliða. Þegar ákvarðanir voru teknar um vinnustöðvanir, með þeim langa fyrirvara sem þar gilda, þá fóru raunar viðræður allar í strand. Þeir sem þar eru kunnugir telja að það hafi átt sínar rætur í því formi sem þarna er viðhaft.

Vinnustaðafélög.

Í 1. gr. frumvarpsins er gefin heimild til stofnunar stéttarfélags innan fyrir tækis, þar sem starfa að jafnaði 250 starfsmenn, enda séu að lágmarki 3/4 þeirra félagsmenn. Þarna er verið að hlutast svo freklega um innri mál stéttarfélaga að ekki er við unandi. Talsvert hefur borið á ruglingslegri umræðu þar sem blandað er saman vinnustaðafélagi og vinnustaðasamningi. Vinnustaðasamningar eru vel þekktir hjá fjölmörgum félögum og geta verið með ýmsu móti. Allt frá því að vera gerðir af einu verkalýðsfélagi um tiltekið atriði, eða tiltekna útfærslu á einum vinnustað, til þess að vera kjarasamningur sem taki til allra atriða hjá einu fyrirtæki, en þá standa að jafnaði fleiri en eitt verkalýðsfélag að slíkum samningi. Þetta er vel þekkt hér hjá Vlf. Fram, því félagið stendur t.d. að slíkum samningum bæði hjá Steinullarverksmiðjunni og Loðskinn. Enga lagabreytingu þarf til að halda slíku fyrirkomulagi áfram.

Í frumvarpinu er hinsvegar ekki gerið nein grein fyrir hvernig taka skal á, þar sem vinnustaðafélög stangast augljóslega á við þau félög sem starfandi eru fyrir samkv. lögum nr. 80/1938. Hvernig á að beita forgangsréttinum? Á að vera sérstakur sjúkrasjóður hjá vinnustaðafélgi? Hvert á að greiða iðgjöld til sjúkra- og orlofssjóða sbr. 6. gr. laga nr. 55/1980? Þetta einungis sýnishorn af þeim spurningum sem vakna. Úr því að ekki er tekið á neinu þessara atriða í frumvarpinu, verður að draga þá ályktun að þessi hugmynd sé algerlega vanhugsað, eða þá sett inn í þeim tilgangi að nota það sem verslunarvöru við meðferð málsins á síðari stigum.

Atkvæðagreiðslur.


Ekki verður fjölyrt hér um þær margvíslegu gerðir af atkvæðagreiðslum sem boðið er uppá í frumvarpinu. Þær reglur sem boðið er uppá eru andlýðræðislegar. Þar er verið að gera í grundvallaratriðum aðrar kröfur til félaga í stéttarfélögum um afgreiðslu mála, en tíðkast almennt í þjóðfélaginu. Lýðræðislegar hefðir og venjur byggjast m.a. á því, að það sé sjálfsákvörðun einstaklings hvort hann neytir atkvæðisréttar eða ekki. Hann hafi áhrif með sínu atkvæði, en ekki aðgerðaleyfi. Almenn niðurstaða hlýtur að vera sú, að samkv. frumvarpinu á að brjóta niður þessar hefðir og venjur. Á opinberum vettvangi hefur verið sýnt fram á fáránleikann sem í frumvarpinu er og vafalaust er að í umsögnum sem berast háttvirtri félagsmálanefnd, mun verða sýnt nákvæmlega framá þetta.

Sáttasemjari - miðlunartillögur.

Með frumvarpinu er sáttasemjara færð gífurlega aukin völd. Sitji þar maður, sem kýs að ganga erinda atvinnurekenda og stjórnvalda hefur hann fullt vald á því. Gera má ráð fyrir að við vissar kringumstæður verði sáttasemjari undir miklum þrýsingi. Hann getur bundið stéttarfélög sem í engri deilu eiga, við kjarasamning sem hugsanlega enganveginn hentar. Ef ætlunin er að "koma böndum" yfir fámenn félög, sem sterka stöðu hafa í samningum, þá er þetta ekki leiðin til þess, því að það gengur ekki að ætla að skerða réttindi allra annarra til þess að ná þessu markmiði. Þá munu örugglega þróast upp aðferðir sem vísa veginn á einn eða anna hátt framhjá þessum ákvæðum. Aðalatriði í þessu er þó, að ef fara á eftir reglum sem í eðli sínu eru ósanngjarnar, ganga á rétt verkalýðsfélaga og eru settar í andstöðu við þau, þá vinna þau engum gagn, heldur þvert á móti.

Að því leiti sem í þessari umsögn eru ekki tekin til meðferðar fleiri einstök atriði, vísast til umsagna og greinargerða sem vitað er að berast munu háttvirtri félagsmálanefnd frá ASÍ og öðrum þeim sem leggja meiri vinnu í málið, en hér hefur verið unnt að gera.

Sauðárkróki 16 04 96
F.h. stjórnar Vlf. FRAM


Jón Karlsson, formaður.